

MEGINREGLUR UM SAMKEPPNISSJÓNARMÍÐ

Í álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008 er því beint til bankanna að hafa hliðsjón af neðangreindum meginreglum við ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíð fyrirtækja og samkeppni á Íslandi:

- 1. Eflir samkeppni eða raskar minnst*

Ef tvær eða fleiri ráðstafanir, sem t.d. tengjast endurskipulagningu fyrirtækja koma til greina sé sú leið valin sem eflir samkeppni eða raskar henni minnst.
- 2. Forðast fákeppni og óæskileg tengsi*

Að ekki sé stofnað til aukinnar fákeppni, eða óæskilegra stjórnunar eignatengsla á samkeppnismörkuðum, ef hjá því verður komist. Þetta sérstaklega við á mörkuðum sem gegna lykilhlutverki í atvinnulífinu og/eð þar sem aðgangshindranir eru miklar.
- 3. Nýta svigrúm til aukinnar samkeppni*

Að svigrúm til þess að draga úr fákeppni, aðgangshindrunum, óæskilegu stjórnunar- og eignatengslum eða markaðsráðandi stöðu sé nýtt eftir þ sem kostur er. Þannig sé skoðað til lengri tíma litið hvort skynsamlegt ge verið að skipta fyrirtækjum upp fremur en sameina.
- 4. Jafnræði*

Að fyrirtækjum sé ekki mismunað með ómálefnalegum hætti.
- 5. Óháðir starfsmenn*

Að rekstur eða fjárhagsleg endurskipulagning tveggja eða fleiri keppinauta sem eru í viðskiptum við sama banka, sé ekki á hendi sömu aðila á vega bankans. Jafnframt sé skilið á milli eiganda og þjónustuhlutverks banka. Þ dæmis sé haldið utan um mismunandi hagsmuni með stofnun eignarhald eða rekstrarfélaga.
- 6. Gegnsæ endursala*

Ef fyrirtæki eða eignir þeirra eru boðnar til sölu sé tryggt að allir líkleg kaupendur hafi jafna möguleika á því að gera tilboð og hlutlægni í vali mi kaupenda tryggð. Eftir því sem kostur er skal leitast við að hafa ferlið opið c gegnsætt.
- 7. Aðkoma nýrra aðila inn á samkeppnismarkað*

Að skapa möguleika fyrir nýja aðila, eftir atvikum erlenda fjárfesta, að korr inn á samkeppnismarkaði, t.d. með kaupum á fyrirtækjum eða eignum.
- 8. Aðkoma nýrra aðila*

Að við björgun fyrirtækja sé sérstaklega tekin afstaða til þess hvc skynsamlegt geti verið að skapa svigrúm fyrir aðkomu nýrra aðila á fyrirtækjunum, í því skyni að efla samkeppni. Sem dæmi um þetta má nefr að bankar setji nýtt hlutfé í fyrirtæki, sem feli í sér að hlutdeild fyrri eigenc skerðist eða hverfi.
- 9. Mat á samkeppnislegum áhrifum ráðstafana*

Í tengslum við allar meiriháttar ráðstafanir sem áhrif geta haft á starfser fyrirtækja hér á landi fari fram mat á samkeppnislegum áhrifum þeirra. Til á tryggja skilvirkni slíks mats er æskilegt að tilnefndur sé aðili sem þekking hefur á samkeppnismálum, til þess að fylgjast með og eftir atvikum taka þá í ákvörðunum. Æskilegt er að sá aðili sé óháður.
- 10. Gegnsæ endurskipulagning*

Til að tryggja gegnsæi og vinna gegn tortryggni verði ferlið við endurskipulagningu fyrirtækja og aðrar mikilvægar ráðstafanir skrásett, t.d. af þeim aði sem tilnefndur er skv. 9. lið.